

Nd. **170. Breytingartillögur** [44. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 14. gr. Meginmál e-liðar greinarinnar orðist svo:
Námsfrádrátt hjá mönnum 16 ára og eldri og skal hann nema helmingi af þeim tekjum, sem um ræðir í 1. tl. A-liðs 7. gr., þegar frá þeim hefur verið dreginn frádráttur skv. 1.—5. tl. A-liðs þessarar greinar, enda hafi þeir stundað nám í a. m. k. 6 mánuði á tekjuárinu.
- 2 Við 22. gr. 2. málslíður 1. mgr. greinarinnar orðist svo:
Einnig er heimilt að fyrna sömu eignir um fjárhæð er nema má allt að 50% af þeirri fjárhæð sem færð er til tekna samkvæmt ákvæðum 53. gr.
3. Við 34. gr. a-liður greinarinnar orðist svo:
5. tl. 1. mgr. 66. gr. laganna falli niður og breytist númer annarra töluliða til samræmis við það.